


Málefni Þjóðkirkjunnar


Traust til Þjóðkirkjunnar

Rúmlega 37% þeirra sem taka afstöðu bera mikið traust til Þjóðkirkjunnar en fyrir ári síðan sögðust fjórir af hverjum tíu gera það. Ríflega 31% ber lítið traust til Þjóðkirkjunnar og svipað hlutfall hvorki mikið né lítið.

Hversu mikið eða lítið traust berð þú til Þjóðkirkjunnar?



Þróun á hlutfalli þeirra sem bera mikið eða fullkomið traust til Þjóðkirkjunnar



Konur bera meira traust til Þjóðkirkjunnar en karlar, fólk ber almennt meira traust til Þjóðkirkjunnar eftir því sem það er eldra og íbúar landsbyggðarinnar bera almennt meira traust til Þjóðkirkjunnar en höfuðborgarbúar.

Þeir sem kysu Framsóknarflokkinn ef kosið yrði til Alþingis í dag bera meira traust til Þjóðkirkjunnar en þeir sem kysu aðra flokka og þar á eftir koma þeir sem kysu Sjálfstæðisflokkinn. Þeir sem styðja ríkisstjórnina bera að sama skapi meira traust til kirkjunnar en þeir sem styðja ekki stjórnina.

Greiningar

Kyn *

Karlar
Konur

Aldur *

18 til 29 ára
30 til 39 ára
40 til 49 ára
50 til 59 ára
60 ára eða eldri

Búseta *

Höfuðborgarsvæðið
Önnur landssvæði


Það sem kosið yrði til Alþingis *

Framsóknarflokkurinn
Sjálfstæðisflokkurinn
Samfylkingin
Vinstrih.-grænt framboð
Björt framtíð
Píratar
Annar flokkur/listi

Styður þú ríkisstjórnina? *

Já
Nei



* Marktækur munur á milli hópa



Biskup Íslands

Ríflega 37% þeirra sem taka afstöðu segjast ánægð með störf Agnesar M. Sigurðardóttur. Nær 16% aðspurðra taka ekki afstöðu til spurningarinnar og af þeim sem taka afstöðu segjast rúmlega 48% hvorki ánægð né óánægð með störf hennar. Þegar spurt var um ánægju Agnesar í fyrra var 41% ánægð með störf hennar og 45% í mælingunni þar á undan, sem var gerð rétt eftir að hún tók við embætti.

Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með störf Agnesar M. Sigurðardóttur, biskups Íslands?



Konur eru almennt ánægðari með störf Agnesar en karlar, fólk er almennt ánægðara með störf hennar eftir því sem það er eldra og íbúar landsbyggðarinnar eru einnig ánægðari með störf Agnesar en íbúar höfuðborgarsvæðisins. Þeir sem styðja ríkisstjórnina og þeir sem kysu ríkisstjórnarflokkana ef kosið yrði til Alþingis nú, eru einnig ánægðari en aðrir með störf Agnesar.

Greiningar

Kyn *

Kyn	Ánægð(ur)	Hvorki né	Óánægð(ur)
Karlar	33%	47%	20%
Konur	42%	49%	8%

Aldur *

Aldur	Ánægð(ur)	Hvorki né	Óánægð(ur)
18 til 29 ára	24%	59%	18%
30 til 39 ára	28%	50%	22%
40 til 49 ára	37%	50%	13%
50 til 59 ára	45%	44%	11%
60 ára eða eldri	46%	42%	11%

Búseta *

Búseta	Ánægð(ur)	Hvorki né	Óánægð(ur)
Höfuðborgarsvæðið	33%	49%	18%
Önnur landssvæði	46%	47%	7%

Það sem kosið yrði til Alþingis *

Stjórn	Ánægð(ur)	Hvorki né	Óánægð(ur)
Framsóknarflokkurinn	70%	17%	13%
Sjálfstæðisflokkurinn	60%	27%	13%
Samfylkingin	33%	36%	31%
Vinstrih.-grænt framboð	27%	37%	36%
Björt framtíð	18%	36%	46%
Píratar	19%	26%	54%
Annar flokkur/listi	42%	35%	24%

Styður þú ríkisstjórnina? *


Styður þú	Ánægð(ur)	Hvorki né	Óánægð(ur)
Já	50%	39%	11%
Nei	34%	52%	14%

* Marktækur munur á milli hópa


Fleiri vilja aðskilnað ríkis og kirkju

Eins og nefnt var í þættinum Vikunni á RÚV ekki alls fyrir löngu var almenningur spurður um viðhorf sitt til aðskilnaðar ríkis og kirkju. Þegar aðeins eru skoðaðir þeir sem taka beina afstöðu, þ.e. þeir sem segjast hlynntir eða andvígir aðskilnaði, er hlutfall hlyntra nær 71%. Þetta er hærra hlutfall en þegar spurt var í fyrra en svipað og í næstu fjórum mælingum þar á undan. Þegar þeir eru teknir með í reikninginn sem segjast hvorki hlynntir né andvígir aðskilnaði er hlutfall þeirra sem eru hlynntir aðskilnaði hins vegar rúmlega 55%.

Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) aðskilnaði ríkis og kirkju?



Próun hlutfalls þeirra sem eru hlynntir aðskilnaði ríkis og kirkju meðal þeirra sem segjast hlynntir eða andvígir aðskilnaði



Sep. '98 Okt. '00 Sep. '01 Sep. '02 Sep. '03 Sep. '05 Des. '07 Nóv. '09 Sep. '10 Júní '11 Ág. '12 Sept. '14 Sept. '15

Fólk er almennt hlynntara aðskilnaði ríkis og kirkju eftir því sem það er yngra og íbúar höfuðborgarsvæðisins eru hlynntari aðskilnaði en íbúar landsbyggðarinnar. Munur er á viðhorfi fólks eftir því hvað það kysir ef kosið yrði til Alþingis nú. Þeir sem kysu Pírata eða Bjarta framtíð eru hlynntastir aðskilnaði en þeir sem myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn eru síst hlynntir aðskilnaði. Að sama skapi eru þeir sem styðja ríkisstjórnina síður hlynntir aðskilnaði en þeir sem styðja hana ekki.

Greiningar

Aldur *

18 til 29 ára
30 til 39 ára
40 til 49 ára
50 til 59 ára
60 ára eða eldri

Búseta *


Höfuðborgarsvæðið
Önnur landssvæði

Það sem kosið yrði til Alþingis *

Framsóknarflokkurinn
Sjálfstæðisflokkurinn
Samfylkingin
Vinstrih.-grænt framboð
Björt framtíð
Píratar
Annar flokkur/listi

Styður þú ríkisstjórnina? *

Já
Nei



Spurt var:

Hversu mikið eða lítið traust berð þú til Þjóðkirkjunnar?

Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með störf Agnesar M. Sigurðardóttur, biskups Íslands?

Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) aðskilnaði ríkis og kirkju?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun sem gerð var dagana 9. - 22. september 2015. Þátttökuhlutfall var 58,4%, úrtaksstærð 1.429 einstaklingur. Einstaklingarnir voru 18 ára eða eldri af öllu landinu, valdir af handahópi úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup Ármúla 13 105 Reykjavík Sími: 540 1000 Netfang: sigrun.drifa.jonsdottir@gallup.is

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir og Jón Karl Árnason

Ábyrgðarmaður: Vilborg Helga Harðardóttir © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.